

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, Dalbraut 6, landnr. 167846, og 8, landnr. 167838.*

Breytingin tekur til sameiningar lóða nr. 6 og 8 við Dalbraut á Laugarvatni, og stækkunar byggingarreits á lóð nr. 8 til suðurs, austurs, og vesturs. Nýtingarhlutfall lóðar 6 hækkar úr 0,35 í 0,50 og verður ný sameiginleg lóð með nýtingarhlutfallið 0,50. Þá er í skilmálum gerð breyting, að þakform verði ris eða valmi 10-30 gráður eða einhallandi þak.

Samþykkt í sveitarstjórn 4. júlí 2019.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 28. október 2019.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Rúnar Guðmundsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 11. nóvember 2019